

# Ársskýrsla

## Hestamannafélagsins Hendingar

Á aðalfundi Hestamannafélagsins Hendingar árið 2021 var kosin stjórn félagsins, og hana skipuðu, Marinó Hákonarson form, Ólöf Einarsdóttir v.form, Jóhanna Ása Einarsdóttir ritari, Bryndís Ása Bjarnadóttir gjaldk, og Fanney Rósa Jónsdóttir meðst.

Alls voru bókaðir 5. fundir á starfsárinu.

Starfsemi félagsins var með hefðbundnum hætti, haldin voru námskeið fyrir börn og fullorðna frá birjun febrúar og fram í maí, ásamt námskeiði fyrir 3-4 bekk grunnskólans sem haldið var á vegum íþróttaskóla HSV í samvinnu við Hendingu.

Hestamenn nýttu sumarið til hestaferða og útreiða, svo sem Kvennareiðar sem haldin var í Engidal og tókst vonum framar, þar sem yfir 30 konur tóku þátt og skemmtu sér eins og best verður. Karlarnir söfnuðust saman skömmu síðar í Öfundarfyrði og gerðu sér glaðan dag af sama tilefni.

Því miður hefur aðstöðuleysi til keppni í hestamennsku sett svip sinn á allt mótahald á Vestfjörðum og ef fram heldur sem horfir er líklegt að bæjaryfirvöldum takist að drepa starfsemi í hestaíþróttum landshlutans með tómlæti og aumingjaskap.

Framkvæmdir á vegum félagsins hefur miðað nokkuð í reiðhöll félagsins þar sem sjálfbóðaliðar hafa komið saman annað slagið og potað verkþáttum áfram með dugnaði og elju, og ber að þakka það framlag sem er félaginu ómetanlegt.

Framkvæmdir við reiðvöll félagsins hafa legið niðri allt þetta starfsár vegna þess að ísafjarðarbær hefur ekki staðið við samkomulag við Hendingu frá 2017 um uppbyggingu reiðvallar, og raunar hunsað öll

Íþróttafélög um fjármagn á árinu 2021, nema fáa útvalda. Þessi pólitík er mönnum sem þar stjórna til skammar.

Ekki reyndist unnt að teyma undir börnum á 17 júní eins og hefð hefur verið fyrir og þykir okkur það miður.

Stjórnarmenn Hendingar hafa setið fundi ársþings HSV og Landsambands Hestamanna eins og kostur er til að vera upplýstir um gang mála. Það er mikið áhyggju efni að starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar er að breiðast mikið, frá því sem áður var. Frá ánægju af íþróttinni yfir í skrifræði og skuldbyndingar sem fæstir hafa áhuga á að standa undir sér til ánægju. Kristallast þar vandi íþróttahreyfingarinnar til þess að fá fólk til stjórnarstarfa fyrir hreyfinguna. Þetta er áunnin vandi sem búinn er til af fólk sem er að reyna að vanda sig í stjórnsýslu en tekur ekki mið af því að þessi störf eru unnin í sjálfböðastarfi.

Með íþróttakveðju .

Marinó Hákonarson form. Hendingar.